



Selásskóli – heildarmat á skólastarfi

Apríl 2008

Ritun skýrslu: Birna Sigurjónsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	4
Nám og kennsla	6
Skimanir og árangur í samræmdum prófum	6
Markmið og áætlanir	7
Skipulag skólastarfs.....	7
Einstaklingsmiðað nám – fjölbreyttar leiðir í námi.....	8
Umhverfismennt og útikennsla	9
Sérkennsla	10
Nemendur og líðan	12
Félagslíf og skemmtanir	13
Reglur og agi	13
Fjarvera nemenda	14
Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun.....	14
Starfsmenn og líðan.....	16
Samstarf.....	16
Starfsandi.....	17
Samskipti við nemendur og foreldra	18
Fjarvera starfsmanna	18
Símenntun.....	19
Stjórnun og skipulag.....	19
Heimasíða.....	21
Skólanámskrá	21
Skólaþróun, sjálfsmat og umbótaáætlun	22
Fjármál	23
Húsnæði og aðbúnaður.....	24
Greining.....	25
Samantekt ábendinga.....	25
Heimildir	28
Fylgiskjöl.....	28

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Selásskóla sem fram fór í mars 2008. Matið var framkvæmt af starfsfólki Menntasviðs. Selásskóli var einn af átta skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2007-2008. Matið fór fram með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Vellíðan og árangur nemenda og kennara/starfsfólks skóla og ánægja foreldra með skólastarfið.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf, laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Selásskóli er grunnskóli fyrir nemendur 1.-7. bekkjar. Skólastjóri er Örn Halldórsson og aðstoðarskólastjóri er Anna Guðrún Jósepsdóttir. Látum þúsund blóm blómstra eru einkunnarorð skólans. Á bak við þau orð felst umhyggja fyrir nemendum og ríkur vilji til að styðja sem best við framfarir, þroska og vellíðan þeirra. Selásskóli leggur áherslu á umhverfismennt með það að markmiði að nemendur skilji, þekki og virði umhverfi sitt og náttúru. Skólinn hefur nýtt sér nálægð við helstu náttúruperlur borgarinnar.

Í skólann voru skráðir 284 nemendur 1. september 2007 sem er um 97% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendum fækki heldur og verði um 250 næstu fimm ár. Fyrirséð er að nemendum fækkar um 20 á næsta skólaári. Við skólann starfa 30 kennarar í 28.5 stöðugildum auk skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, námsráðgjafa og 13 annarra starfsmanna. Samkvæmt þessu eru um 6,6 nemendur á hvert stöðugildi en í borginni í heild eru að meðaltali 7,4 nemendur á hvert stöðugildi. Ef aðeins er miðað við kennara í Selásskóla eru um 10 nemendur á hvert stöðugildi.

Selásskóli tók til starfa haustið 1986, annar áfangi var tekinn í notkun haustið 1988 og þriðji áfangi haustið 1991. Enn var byggt við skólann árið 2002 og skólinn þá einsettur. Heildarstærð skólans er 4,407 m² án íþróttarýmis.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um ytra mat er í 51. gr. grunnskólalaga, þar segir m.a.: „Menntamálaráðherra ber ábyrgð á að fram fari mat á skólum og skólastarfi sem ætlað er að tryggja að skólahald sé í samræmi við ákvæði laga og aðalnámskrár.“ Innra mat, sjálfsmat skóla er einnig bundið í grunnskólalögum 49. gr., þar segir m.a.: „Sérhver grunnskóli innleiðir aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans.“

Á vegum Menntasviðs Reykjavíkur eru reglulega gerðar kannanir á skólastarfi og eru grunnskólarnir hvattir til að nýta niðurstöður þeirra í innra mati.

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 skólum á ári. Skipaður var stýrihópur starfsmanna á Menntasviði ásamt ráðgjafa til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra.

Markmið heildarmats eru að:

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Stýrihópurinn hafði til hliðsjónar eftirfarandi ferli sem mótað hafði verið í vinnu starfshóps á vegum menntaráðs sem starfaði skólaárið 2006-2007.

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|-------------------------------------------------------------------|----------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til menntaráðs | vika 6 |

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara og foreldra/fundur með foreldraráði, fundur með nemendaráði
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar, list- og verkgreinakennarar, annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá (nýjustu útgáfu)
 - þ.m.t. mannréttindaáætlun
 - og skipurit skóla
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir vorönn 2007
 - Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun
 - Heimasíða skólans
 - Stundaskrár 2007-2008 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Kennsluáætlanir 2007-2008 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Símenntunaráætlun skóla (nýjustu útgáfu)
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Drög að skýrslu verða send skólastjórnendum sem geta gert athugasemdir en ekki breytt skýrslunni nema rangt sé með farið.
- Fundað með skólastjórnendum og með foreldraráði og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins.

Frekari eftirfylgni ef þörf er á:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Samantekt niðurstaðna og greining á stöðu skólans verður opinbert skjal en skýrslan verður vinnuskjal skólans.

Nám og kennsla

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í 2. bekk vorið 2007 og var niðurstaða þess að 41% nemendahópsins töldust geta lesið sér til gagns¹ sem er marktækt lakara en að meðaltali í grunnskólum Reykjavík (66%). Meðalárangur nemenda í 2. bekk Selásskóla var 59% en meðalárangur allra nemenda í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu var 71%. Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2006 var meðalárangurinn í Selásskóla 69% og gátu 65% nemenda lesið sér til gagns.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk árið 2007 er marktækt lakari en meðalárangur í grunnskólum Reykjavíkur og mun lægra hlutfall nemenda telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali í Reykjavík. Árið 2006 var árangur nær meðaltali í borginni.
- Mikilvægt er að skoða þann mun sem kemur fram milli ára. Sóknarfæri er fyrir skólann að bæta árangur nemenda í lestri, ekki síst þeirra sem lakast standa.

Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk nóvember 2006, og var meðalárangur nemenda í þættinum *Reikningur og aðgerðir* mælitalan 11,3 sem er aðeins betri árangur en nemendur í Reykjavík í heild (10.8). 81% nemenda fóru aðeins í þann prófþátt og teljast ekki líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði. Af þeim nemendum sem tóku allt prófið teljast fimm nemendur (um 8% nemendahópsins) líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði en að meðaltali í grunnskólum Reykjavíkur teljast 10% nemenda líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði. Samkvæmt fyrstu niðurstöðum stærðfræðiskimunar í 3. bekk Selásskóla 2007 fóru um 40% nemendahópsins í alla prófþætti en ekki liggur fyrir hve stór hluti hópsins telst líklegur að þurfa stuðning í stærðfræði.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Árangur í stærðfræðiskimun í 3. bekk 2006 er aðeins yfir meðaltali í borginni og um 8% nemendahópsins teljast líkleg að þurfa aðstoð í stærðfræði.
- Ástæða er til að huga vel að stærðfræðinámi í yngri deildum.

¹ Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

Samræmd próf – framfarastuðull²

Framfarastuðull nemenda í Selásskóla 2006 er 1.04 í íslensku í 7. bekk sem er yfir venjulegum framförum nemenda og í stærðfræði í 7. bekk er framfarastuðullinn 1.06 sem telst góðar framfarir og veruleg breyting á stöðu nemendahópsins (sjá nánar í fylgiskjali 1, Selásskóli og skólahverfi).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendum fer vel fram í námi í íslensku og stærðfræði milli 4. og 7. bekkjar samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum.

Markmið og áætlanir

Markmið einstakra greina eru sett fram í náms- og kennsluáætlunum fyrir skólaárið og eru tilgreind þrepamarkmið úr Aðalnámskrá eða vísað í þau. Náms- og kennsluáætlanir eru hluti af skólanámskrá skólans og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti og eru einnig birtar á heimasíðu skólans. Í þeim eru kynnt markmið, kennsluhættir, kennsluefni og námsmat fyrir hverja grein og fyrir hvern árgang.

Ekki kemur fram að nemendur geri sér einstaklingsáætlanir.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Náms- og kennsluáætlanir fyrir árganga í öllum greinum eru birtir á heimasíðu skólans, þær eru hluti af skólanámskrá og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Ekki kemur fram að nemendur geri sér einstaklingsáætlanir.

Skipulag skólastarfs

Skólinn opnar kl. 7:30 á morgnana og geta nemendur beðið inni þar til kennsla hefst kl. 8:10. Stundataflan er skipulögð í 80 mínútna lotur. Frímínútur eru 20 mínútur milli 2. og 3. stundar og 10 mínútur milli 4. og 5. stundar. Matarhlé og næðisstund er hjá nemendum í 1.-4. bekk frá 11:30-12:30 og hádegishlé nemenda í 5.-7. bekk frá 12:40-13:10.

Skoðaðar voru stundatöflur nemenda. Á töflu 1. bekkjar eru skráðir 30 tímar og að auki 40 mínútna matarhlé/næðisstund alla daga. Á töflu 2.-4. bekkja eru skráðir 38-40 tímar að meðtalinni 40 mínútna matarhlé/næðisstund alla daga. Í 5.-7. bekk eru 35 nemendatímar á töflu. Athygli vekur að skóladagur eldri nemenda er styttri en þeirra yngri.

Fyrirhugað er að taka upp samkennslu í árgangi á næsta ári. Stefnumótun stjórnenda og svokallaðrar framtíðarnefndar sem í sitja fulltrúar kennara gerir ráð fyrir aukinni samvinnu og samábyrgð umsjónarkennara. Hver árgangur með um 30-40 nemendur hafi þá tvo umsjónarkennara sem vinna saman með hópinn. Einnig verði skólanum skipt upp í svið og kennarar sérhæfi sig á fagsviðum, t.d. yngsta sviði með nemendur í 1.-3. bekk, eða á sérgreina- eða sérkennslusviði. Undirbúningur að þessu skipulagi hefur staðið í tvö ár og m.a. farið í skólaheimsóknir. Nú í vetur er einn árgangur þar sem 30 nemendur eru saman með tvo umsjónarkennara.

² Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

List- og verkgreinar eru kenndar í lotum 6.-7 vikur í senn í 4.-7. bekk 5 stundir á viku í 6-7 vikur. Í öðrum árgöngum eru 2 tímar á viku allan veturinn. Nemendur lýsa ánægju sinni með þessar greinar og vildu að þær fengju meira vægi.

Einstaklingsmiðað nám – fjölbreyttar leiðir í námi

Í skólanámskrá og stefnumótun Selásskóla *Látum þúsund blóm blómstra* kemur fram áhersla á vinna út frá og þróa sterkar hliðar hvers einstaklings, áhersla er á: skapandi starf, listiðkun, frumkvæði, áræði, agaða og gagnrýna hugsun, samvinnu og samstarf milli nemenda. Virðing fyrir náttúrunni, útikennsla og nýting umhverfis í kennslu kemur einnig fram meðal áherslupáttá (Skólanámskrá Selásskóla *Látum þúsund blóm blómstra*. Skólaþróun og áherslur, s. 2-3).

Samkvæmt vinnustaðargreiningunni árið 2007 meta starfsmenn í Selásskóla það sem svo að þeim gangi töluvert verr að sinna einstaklingsbundnum þörfum nemenda en starfsmenn í öllum grunnskólum samkvæmt meðaltalsgildinu (fullyrðingin fær gildið 2,86 í Selásskóla miðað við 3,42 í öllum grunnskólum).

Í skólanum tekst kennurum „að blanda saman einstaklingsmiðuðu námi og hefðbundnu námi“ kemur fram í rýnihópi foreldra. Boðið upp á fjölbreytt námsefni fyrir þá sem geta meira, segja foreldrar. Nemendur vilja gjarnan meiri fjölbreytni í skóladaginn „alltof mikið af venjulegum dögum“, segja þau. Kennarar telja einnig að kennsluhættir mættu vera og gætu verið fjölbreyttari. einnig þarf að vinna að því að skapa samfellu í námi milli árganga og skólastiga. Byrjað er á þessu verkefni í íslensku og náttúrufræði.

Mikil samvinna er innan árgangs og í 4. og 5. bekk er getuskipt í hópa hluta námstímans í íslensku og stærðfræði. Í sumum árgöngum eru hegðunarerfiðleikar einstakra nemenda taldir standa í vegi fyrir því að skipta árganginum í hópa. Í 1. bekk er hringekja einu sinni í viku. Sérkennari í námsveri kemur inn í hópaskiptingu árganga og tekur einn hóp þegar því verður við komið.

Yngri nemendum finnst ekki vera mikið heimanám (4. bekkur) en stundum erfitt, segir annar. Nemendur á miðstigi greina frá því að þeir séu með áætlun fyrir heimanám. Þeir geta farið mishratt yfir námsefnið, stærðfræðin er nefnd þar sérstaklega. Þeir sem eru komnir lengra fá viðbótarverkefni og „ef maður er kominn á eftir fær maður stundum undanþágu til að skila inn seinna“. Nemendur gera sér ekki einstaklingsáætlanir og kennarar telja vart raunhæft að koma þeim á.

Í flestum tímum sem heimsóttir voru í vettvangsathugun voru nemendur að vinna að sama verkefni á sama tíma.³ Þemavinna er ekki mikil í skólanum að sögn kennara, þó hefur verið eitt stórt þema á hverju á ári og eru þá 3-4 dagar teknir undir og öllu umturnað. Árgöngum er blandað og búin til eins konar hringekja. Viðfangsefni hafa verið t.d. Kína og Egyptaland. Í vetur hafa ekki verið þemadagar fyrir allan skólann. Misjafnt er eftir árgöngum hvort eða í hversu miklum mæli þemavinna er viðhöfð, stundum í samfélagsfræðiverkefnum og sögugerð hefur einnig verið notuð í yngri bekkjum.

³ Vert er að taka fram að matið og vettvangsathugun byggir á stuttu innliti í skólastofur og kennslustundir þannig að ekki fæst yfirsýn yfir langtímaverkefni og markmið.

Uppröðun í stofur er ýmist í röðum þar sem nemendur snúa fram eða raðað er í hópauppröðun. Á veggjum skólastofanna og á göngum eru fjölbreytt verkefni sem sýna hvað nemendur hafa verið að fást við. Einnig eru í stofunum veggspjöld og námsgögn sem tengjast námi sem þar fer fram.

Almennt virðist skólinn kominn lengra í viðhorfum og stefnumótun en í framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms eða náms við hæfi (sjá nánar vettvangsathuganir, heimsóknir í bekki, fylgiskjal 2).

Skólasafn og tölvustofa eru samliggjandi og staðsettar í miðju skólans. Þangað koma bekkir og hópar og skiptast á milli stofanna sem eru vel útbúnar og tölvustofan með nýlegum tölvum. Aðstaðan nýtist nemendum vel til heimilda- og ritgerðavinnu.

Námsmat

Í skólanámskrá segir: Námsstaða nemenda er könnuð með ýmsum hætti allt skólaárið. Metið er hvernig nemandinn stendur, hafa orðið framfarir eða þarf að grípa til einhverra sérúrræða? Nemendur fá umsagnir tvisvar á ári í febrúar og maí/júní. (Skólanámskrá Selásskóla *Látum þúsund blóm blómstra*. Náms og kennsla, s. 6). Foereldraviðtöl eru tvisvar á ári. Þá er farið yfir stöðu nemandans og framfarir. Námsmat byggir á prófum, vinnubókum og frammistöðu í tímum, kemur fram hjá kennara.

Umhverfismennt og útikennsla

Selásskóli leggur í skólastefnu sinni mikla áherslu á umhverfismennt með það að markmiði að nemendur skilji, þekki og virði umhverfi sitt og náttúru. Nemendur öðlist færni og ábyrgðarkennd til að lifa og taka ákvarðanir til heilla samfélaga og náttúru sem allt líf byggir tilvist sína á. Skólinn tileinkar sér aðferðir og starfshætti umhverfisverndar varðandi innkaup, notkun efna, orku og meðferð úrgangs ((Skólanámskrá Selásskóla *Látum þúsund blóm blómstra*. Skólastefna, s. 1). Umhverfisstefnan og viðurkenningar sem skólinn hefur hlotið fyrir frumkvöðlastarf á þessu sviði eru áberandi þegar inn er komið í skólann. Á vegg gegnt stjórnunarálmum má sjá áhersluatriði stefnunnar og viðurkenningar frá erlendum og innlendum aðilum, auk þess sem grænfaninn blaktir við hún við skólann. Leiðbeiningar um flokkun pappírs eru uppi við í skólastofum og flokkunarkassar fyrir ólíkar gerðir af pappír eru í öllum stofum.

Starfandi er umhverfisráð við skólann, það skipa 2-3 fulltrúar úr hverjum bekk, 2-3 fulltrúar kennara og 4 fulltrúar foreldra. Aðstoðarskólastjóri heldur utan um starfsemi ráðsins og fundar oftast með nemendum 2-4 sinnum á ári. Sjaldnar er fundað með fullskipuðu ráði. Á fundum með nemendum er farið yfir hvernig gengur, t.d. að flokka pappír og halda skólalóð hreinni. Fjallað er um Grænfanann, en skólinn var með fyrstu skólum í Reykjavík að fá hann. Fánann fá skólar í kjölfar verkefna sem er ætlað að efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Í rýnihópi með nemendum úr umhverfisráði kom fram að þau eru misvel meðvituð um það hversu mikilvægt það er að vera umhverfisvænn skóli og t.d. ekki öll sátu við að mega ekki henda rusli í skólanum.

Fram kemur í rýnihópum að áhersla á umhverfismennt og útikennslu hafi dalað og sé í lægð í vetur, en líka kemur fram vilji til að endurvekja áherslu á útikennslu og öflugna náttúrufræðikennslu sem skólinn hefur verið þekktur fyrir.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Fyrirhugað er að taka upp samkennslu í árgangi á næsta ári og stefnt að aukinni samvinnu og samábyrgð umsjónarkennara.
- Skipulag náms er almennt miðað við bekkinn og í flestum tímum sem heimsóttir voru í vettvangsathugun voru nemendur að vinna að sama verkefni á sama tíma.
- Mikil samvinna er innan árganga og nemendum skipt í hópa hluta námstímans.
- Taka þarf markviss skref til að nám og kennsla verði fjölbreyttari og taki mið af einstaklingum.
- Í skólafestnu kemur fram mikil áherslu á umhverfismennt, umhverfisráð er starfandi og skólinn er Grænfánaskóli.
- Vilji er til að endurvekja áherslu á útikennslu og öflugna náttúrufræðikennslu.
- Nemendur gera sér ekki áætlanir um nám sitt.
- Námsmat virðist hefðbundið.

Sérkennsla

Enginn umsjónarmaður er fyrir sérkennslu, en tveir sérkennarar sjá um kennsluna og skipta með sér verkum. Önnur þeirra kom til starfa sl. haust en þá hafði verið einn sérkennari í nokkur ár. Áður var hópur sem starfaði saman í sérkennslu og þá var líka deildarstjóri sérkennslu. Stjórnendur koma að því að skipuleggja sérkennslu og deildarstjóri við skólann heldur utan um skimanir. Sérkennarar skipta með sér verkum samkvæmt starfslýsingu þannig að önnur vinnur með kennurum og nemendum á miðstigi og hin á yngsta stigi. Að mati sérkennara er meira álag núna en var og sérkennararnir dreifa kröftum sínum á fleiri verkefni.

Í skólanámskrá er kafli um sérkennslu, þar kemur fram stefna skólans um það hvernig staðið er að sérkennslu. Upplýsinganar eru einnig í foreldrahandbók sem er afhent að hausti. Að hluta til koma sérkennarar inn í kennslu hópa og árganga þannig að svigrúm gefst til að búa til minni hópa og mæta þannig þörfum einstaklinga. Nemendum með námserfiðleika býðst stuðningur ýmist tímabundinn eða til lengri tíma utan bekkjar í námsveri. Lögð er áhersla á að greina vanda nemenda með hegðunarerfiðleika og styðja við kennara og foreldra í kjölfarið, segir í stefnunni.

Aðstaða í námsveri er ekkert slæm, að sögn sérkennara, en stofan er lítil til að taka stóra hópa, mest er hægt að hafa átta krakka í einu. Þurfum að leita að svæði sem er laust þegar við erum með fleiri í einu. Í námsveri eru þrjár tölvur frá í haust sem er nægjanlegt að mati sérkennara. Ekki hefur staðið á innkaupum fyrir sérkennsluna ef þörf er fyrir tæki og gögn. Engir líkamlega fatlaðir nemendur eru í skólanum eins og er, en aðstaðan er fyrir hendi, lyfta, skábrautir og salerni og hvíldaraðstaða inni hjá hjúkrunarfræðingi.

Markvisst er leitað að nemendum með sérþarfir með skimunum. Skimunarpróf eru að hausti fyrir 6 ára, talkennari skoðar börn í 1. bekk, lesskimunarprófið Læsi lagt fyrir í 1. og 2. bekk, stærðfræðiskimun með Talnalykli í 3. bekk og GRP 14. Í eldri bekkjum er notað Aston Index og LH 40 og 60. Forgangsraðið er í stuðning og sérkennslu í lestri, stærðfræði og stafsetningu út frá þessum skimunum. Skólinn hefur einnig greitt fyrir lestrargreiningu nemenda utan skólans. Samkvæmt skólanámskrá er þjónustan er þrenns konar; einstaklingskennsla samkvæmt einstaklingsnámskrá, einstaklings- eða hópkenndu í námsveri eða árgangi er getuskipt í minni hópa með aðkomu sérkennara.

Sérkennari kemur, að eigin mati, álíka mikið inn í bekk til að sinna sérkennslunni og að taka nemendur út í námsver. Sérkennari sinnir einnig greiningum og skimunum og hittir foreldra

og kennara til að kynna niðurstöður. Ein sérkennaranna er mest í ákveðnum verkefnum, ein mikið inn í bekk og ein í einstaklingskennslu sem fer fram í litlum hópum Ein er mest í lestarkennslu með einstaklinga, heilan bekk sem kom illa út úr læsi og hópa. Þær eru líka að styðja kennara með ákveðna nemendur.

Ekki hafa verið sett upp sérúrræði vegna hegðunarvandamála í skólanum. Nokkrir kennarar hafa verið á námskeiði sem leggur upp að mynda teymi til að mæta þessum vandamálum en það teymi hefur ekki verið sett á laggirnar í skólanum. Hegðunarvandamálin eru mest aðkallandi í skólanum. Lausnarteymi var sett á en það hefur ekki verið mikið leitað til þess, „kennarar vita í mörgum tilfellum hvað á að gera en sumir einstaklingar eru svo erfiðir að það breytir ekki neinu nema að kennarinn er uppgefinn og börnin líka“.

Að mati sérkennara eru allir af vilja gerðir til þess að finna lausnir í erfiðum málum en stundum er erfitt að fá foreldra til samstarfs, „maður spyr sig hvað þessir nemendur séu að gera hérna, eiga kannski að vera í sérskóla þar sem hægt er að vinna með fáa einstaklinga í einu og með heimilið líka“. Hjá kennara kemur fram að æskilegt væri að skapa námsversaðstæður inni í stofu og geta stúkað af fyrir nemendur sem þola minna áreiti.

Fram kemur að komin er töluverð þreyta í kennarana út af ákveðnum nemendum, ákveðnir bekkir eru þungir, af því að það er einn eða tveir í bekknum sem taka alla athygli kennarans, það eru mjög „flinkir og færir“ kennarar hérna, en almenni tónninn er þreytulegur gagnvart þessum krökkum, of fá úrræði fyrir þau börn sem eru „ekki hæf í bekkjum vegna hegðunar“. Nemendur eru teknir út úr bekknum í sérkennslu til þess að létta aðeins á bekknum. Meiri þolinmæði er hjá kennurum gagnvart krökkum sem eru með námsörðugleika,

Viðhorf til nemenda með hegðunarerfiðleika í skólanum er blendið. Kennarar og starfsfólk tala um „veika“ nemendur og telja mikið álag og mikla erfiðleika fylgja þeim. Viðhorf sumra til þessara nemenda í skólanum virkar frekar neikvætt og kemur víða fram það álit starfsfólks að þeir ættu að vera í sérdeild eða sérskóla. Í einum hópi kemur fram það álit að í skólanum séu sérstaklega margir nemendur með hegðunarerfiðleika. Sérkennari segir, „mér finnst fara svolítið mikið þúður í erfiða nemendur hér“. Hópur nemenda sem líður ekki vel og „hefur tekist misjafnlega vel að vinna með þau“. Talað er um lítil úrræði og lýst eftir stefnu skólafyrvalda varðandi „þessi veiku börn“ og spurt „hvar eru mörkin með þau börn sem eru hæf til að vera í skólakerfinu“. Samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum um fjölda nemenda sem sótt erum sérkennsluúthlutun fyrir eru nemendur með skilgreinda hegðunarerfiðleika hlutfallslega heldur færri í Selásskóla en að meðaltali í skólum borgarinnar.

Sérkennarar hittast reglulega og fara yfir hlutina, þeir hitta einnig umsjónarkennara og fara öðru hverju inn á árgangafundi og eru með fasta fundi með foreldrum og börnum sem njóta sérkennslu. Sérkennari hefur boðið foreldrum yngri barna á fund til að fara yfir hvað gert er í skólanum og hvað er hægt að gera heima til að styðja nemendur.

Ráðgjöf til kennara: Kennarar telja vanta aðgang að kennsluráðgjöf og fagmenntaða sérkennara til ráðgjafar. Dæmi er um að ráðgjöf hafi ekki nýst þó að ráðgjafinn hafi komið inn í bekkinn þar sem lausnir henta ekki, „kennarinn situr alltaf uppi með vandann, það er fundað og talað og sérfræðingarnir segja að þetta hafi verið mjög góður fundur en kennarinn kannski finnst ekki verið að tala á sömu jörð og hann“. Sérkennari hefur verið með ráðgjöf við kennara í sambandi við greiningar. Annars er enginn innan skólans með skilgreint ráðgjafahlutverk enda enginn deildarstjóri sérkennslu. Félagsráðgjafi er í námsráðgjafastöðu og hefur í vetur ásamt sérkennara verið með handleiðslutíma með kennurum þar sem eru þung

mál sem brenna mjög þungt á kennurunum og líka með stuðningsfulltrúum. Sérkennarar telja mikilvægt að rifja upp reglulega hvert kennarar geta leitað, s.s. í lausnarteymi og handleiðslu og hvaða mál eru tekin upp á nemendaráðsfundum.

Stuðningsfulltrúar: Verkefni stuðningsfulltrúa eru aðallega að fylgja börnum eftir með hegðunarvandamál. Stjórnendur leggja þeim línurnar hvað þeir eiga að gera. Sérkennari hefur reglulegt samstarf við einn stuðningsfulltrúann. Kennarinn telur starf þeirra mjög erfitt, sérstaklega í vetur og þær þreyttar, enda að sinna erfiðustu nemendunum til þess að það sé vinnufriður í bekknum. „Það er að renna svo mikið saman stuðningur í bekkjum og sérkennsla“ og það þarf að hennar mati að endurskoða.

Þjónustumiðstöð: Sálfræðingur hefur fastan viðverutíma í skólanum en talað er um að kennsluráðgjöf vanti. Kennarar telja að aðgengi að sérfræðiþjónustu þyrfti að vera betri og talað er um langa bið.

Lausnarteymi er starfandi við skólann en ekki mikið notað eftir því sem fram kemur í rýnihópum.

Nemendaverndarráð fundar reglulega.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Markvisst er leitað að nemendum með sérþarfir með skimunum.
- Enginn umsjónarmaður sérkennslu er við skólann en skólastjórnendur skipuleggja ramma um sérkennslu og starf stuðningsfulltrúa.
- Einstaklingsnámskrár eru ekki alltaf gerðar fyrir þá nemendur sem eru í sérkennslu.
- Sérkennsla fer að ýmist fram utan bekkjar eða inni í bekk.
- Mikið álag er á sérkennara.
- Kennara vantar aðgang að faglegri kennsluráðgjöf.
- Afstaða til nemenda með hegðunarvanda virðist fremur neikvæð og úrræði vantar utan og innan skóla.
- Lausnarteymi er starfandi við skólann en er ekki mikið notað af kennurum.
- Brýnt er að koma á hegðunarteymi við skólann.

Nemendur og líðan

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur árið 2007 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Selásskóla sú að 73% nemenda svöruðu að þeim líði alltaf eða oftast vel í kennslustundum. Það er nokkuð hærra en meðaltal allra grunnskólanna sem er 69% (sjá nánar í fylgiskjali 1, Selásskóli og skólahverfi).

Í rýnihópum nemenda kemur fram að þau telja að almennt líði nemendum vel í skólanum „krakkarnir oftast vinir“. En að sama skapi ekki skemmtilegt þegar „sumir krakkarnir gefa ekki vinnufrið í tímum“. Sú skoðun kemur einnig fram að þau læri af því að „vera með erfiða krakka í bekk með sér“. Skemmtilegast finnst þeim í list- og verkgreinum og íþróttum og svo í frímínútum. Þau vilja gjarnan hafa meira verklegt nám.

Nemendur tala vel um kennara sína en finnst þeir mættu hrósa meira og ekki skamma alla þegar fáir brjóta af sér og ekki öskra á þau. Fram kemur að stöku kennarar koma seint eftir að bjallan hringir svo krakkarnir þurfa að bíða „og það er ískalt kannski“.

Foreldrar segja að nemendum líði vel í skólanum, kennarar standi með þeim og vilji þeim vel.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendum líður almennt vel í skólanum.
- Skemmtilegast finnst þeim í list- og verkgreinum og íþróttum.
- Nemendum finnst að kennarar mættu hrósa meira.

Félagslíf og skemmtanir

Í yngri bekkjum eru ekki bekkjarkvöld nema kannski einu sinni á ári. Í sumum bekkjum eru vinahópar. Á miðstigi er meira um að vera og bekkurinn fer eitthvað saman tvisvar til þrisvar á önn. Foreldrarnir skipuleggja þessa viðburði. Böll eru haldin fyrir 7. bekk tvisvar á ári og 6. bekkjum boðið með á lokaballið. Árgangar eru með skemmtanir á sal einu sinni í viku, einn bekkur sér um að koma með skemmtiatriði hverju sinni.

Nemendaráð/umhverfisráð

Ekki er starfandi eiginlegt nemendaráð við skólann en umhverfisráð skipað tveimur fulltrúum úr hverri bekkjardeild hittist 2-4 sinnum á ári. Umhverfisráðið fjallar um umhverfismál, Grænfanann, umgengni, flokkun og „hvað geti gert skólann betri“. Aðstoðarskólástjóri sér um hópinn og kemur með efni sem á að ræða og leitar eftir hugmyndum nemenda. Ekki voru allir í rýnihópnum á einu máli um ágæti þessa starfs og vildu t.d. gjarnan fá að henda rusli í skólanum en ekki þurfa að taka það með sér heim aftur.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Ekki er starfandi eiginlegt nemendaráð við skólann eins vera skal skv. lögum um grunnskóla.
- Fulltrúar í umhverfisráði fjalla um umhverfismál, umgengni og umbætur.
- Skerpa þarf á hlutverki og markmiðum umhverfisráðs.

Reglur og agi

Nemendur þekkja skólareglurnar vel, kennarar fara yfir þær með nemendum á haustin. Skólareglur eru birtar í Foreldrahandbók sem afhent er foreldrum að hausti, þar er tilgreint á jákvæðan hátt til hvers er ætlast af nemendum varðandi hegðun og samskipti. Í skólanámskrá eru einnig ferill um hegðunarferiðleika og ástundun sem lýsir viðbrögðum og meðferð mála sem varða óæskilega hegðun. Kennarar geta síðan sett bekkjarreglur eða stofureglur miðað við aðstæður.

Skóla- eða bekkjarreglur eru uppi við í allflestum skólstofum. Einnig mátti sjá skólareglur gegn einelti í sumum stofum. Skólinn hefur verið þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti í nokkur ár. Hluti af því verkefni er að setja bekkjarreglur með hverjum bekk og halda bekkjarfundi til að ræða mál sem þarfnast úrlausnar, þetta tengist einnig kennslu í lífsleikni. Á fyrsta ári Olweusarverkefnisins voru haldnir reglulegir fundir starfsfólks til að innleiða hugmyndafræðina. Hluti kennara hefur haldið þessari vinnu við með sínum nemendum en aðrir ekki. Verkefnið hefur litlu breytt fyrir annað starfsfólk, að mati kennara.

Víða kemur fram að hjá hluta nemenda beri á að skorti virðingu bæði fyrir fólki og hlutum. Þetta veldur álagi á allt starfsfólk.

Nemendur eru sendir til skólastjóra við agabrot, hann „skammar ekkert mikið, talar bara við mann“, segja þeir. Fram kemur einnig að nemendur séu í sumum tilvikum sendir of fljótt til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra í stað þess að kennarar taki á málum fyrst.

Mikil nauðsyn er talin að gera átak í að samræma og sameinast um reglur og viðbrögð við agabrotum smærri og stærri þannig að ekki sé verið „að hella olíu á eld“ og jafnvel nefnt að talað sé niður til barnanna fyrir framan hópinn. Þetta kemur fram í rýnihópum, þar segir fólk að reglur séu skýrar en úrræði ekki. Átakið þarf að ná til alls starfsfólks og sérstaklega þarf að taka á því sem gerist á göngunum. Einnig þarf að mati kennara að skerpa á ábyrgð foreldra.

Eldri nemendur (7. bekkur) fá það hlutverk að hjálpa skólaliðum úti í frímínútum. Skólavinur ber þá ábyrgð á yngri nemanda. Þetta hefur gefist vel og eflir ábyrgð eldri á þeim yngri. Skólalóðin er stór og erfið, segja foreldrar og þar þyrfti að vera meira eftirlit til að koma í veg fyrir ofbeldi.

Í vettvangsathugunum er almennt góður vinnufriður og agi en þó eru á þessu undantekningar. Víða í rýnihópum er talað um einstaklinga sem trufla nám annarra og kennslu. Lausnin sem flestir sjá er að taka þessa nemendur út úr hópnum í sérúrræði innan eða utan skóla. Í rýnihóp nemenda er bent á þá lausn að skipta „bekknum í tvo hópa svo hægt sé að læra“. jafnframt kemur fram að hér sé um fáa einstaklinga að ræða. Það er mikilvægt úrlausnarefni fyrir skólann að takast á við þennan vanda á jákvæðan hátt til hagsbóta fyrir bæði einstaklingana og hópinn.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendur þekkja skólareglur og virða þær.
- Settar eru bekkjarreglur í flestum bekkjardeildum.
- Gera þarf átak í að samræma og sameinast um reglur og viðbrögð við agabrotum smærri og stærri. Átakið nái til alls starfsfólks.
- Almennt er góður vinnufriður og agi í kennslu.
- Efla þarf eftirlit á skólalóð.

Fjarvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á vorönn 2007 eftir bekkjum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartímafjölda á önninni. Fjarvistir (óheimilar) koma aðeins fyrir í 7. bekk, 2. bekk og 4. bekk en annars staðar ekki. Brottrestur kemur hvergi fyrir. Mest er um leyfi í öðrum 5. bekknum og veikindi í 2., 4. og 6. bekk.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með fjarveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun

Í könnun á viðhorfum forráðamanna til skóla árið 2006 mælist ánægja foreldra með Selásskóla tæp 76% sem er aðeins undir meðaltali í Reykjavík (tæp 80%).

Foreldraráð fundar með skólastjórnendum tvisvar til þrisvar á skólaári. Gott samstarf og samráð er við skólastjórnendur að mati rýnihóps foreldra. Foreldraráð starfar samkvæmt

lögum og er „skólastjóra innan handar en hefur engin völd“, að sögn fulltrúa í rýnihópi. Skólastjóri hefur haft morgunverðarfundir með hverjum árgangi og var vel mætt á þá. Þeir voru reyndar ekki á þessu skólaári. Að vori eru sérstakir fundir fyrir 7. bekk þar sem fer fram kynning á því sem framundan er í Árbæjarskóla, þjónustu og félagsstarfi unglinga í hverfinu. Skólastjóri hefur staðið fyrir þessum fundum og verið vel mætt á þá.

Mikið og gott samstarf er milli foreldraráðs og foreldrafélags. Síðasta haust skipti um fólk bæði í foreldraráði og foreldrafélagi en „það er ekki slegist um þessar stöður“. Mæting á fundi er fín „þeir koma sem hafa áhuga“ þó þeir séu ekki margir.

Stefna skólans hefur ekki verið kynnt sérstaklega fyrir foreldrum og almennt er lítil áhug á að kynna sér hana að mati rýnihóps foreldra, en til að bæta skólastarfið þarf fólk að vita meira um starfið og hafa meiri áhuga á því, kemur einnig fram. Allir eru velkomnir í skólann og í sumum bekkjum er skipulagt að foreldrar komi til að kynna starf sitt, foreldrakaffi var haldið í hverjum bekk í fyrra en kemur ekki fram hvort það hefur haldið áfram, þetta var gott framtak og vel mætt.

Bekkjarfulltrúar starfa í flestum bekkjardeildum en þó ekki öllum og sumar bekkjardeildir hafa aldrei haft bekkjarfulltrúa. Samstarf innan bekkja er meira í yngri bekkjum. Að mati foreldra er þetta samstarf mikilvægt til að krakkarnir kynnist samskiptareglum auk þess sem það auðveldar samráð og utnumhald, t.d. hvað varðar reglur um útivist.

Foreldrafélagið hefur fært nemendum sippubönd, bolta o.fl. haust og vor. Félagið sér um jólafondur og vorhátíð fyrir nemendur og foreldra, kennarar taka ekki þátt í þessum atburðum en skólastjórnendur mæta alltaf. Skólinn styður vel við frumkvæði foreldra að foreldrastarfi en hefur ekki frumkvæði að samstarfi, að mati rýnihóps.

Að mati foreldra er árangur skólastarfsins góður og haldið er vel utan um hlutina, skólinn er lítil og aðkoma persónuleg. Agavandamálum hefur fækkað mikið og er það rakið til m.a. Olweusarverkefnis gegn einelti. Þó vantar upp á að kynna foreldrum hvaða leiðir og aðstoð er í boði þegar eitthvað bjátar á. Fram kemur að fólk viti ekki alltaf hvert það getur snúið sér né hvað það getur farið fram á við skólann.

Stefna um einstaklingsmiðað nám er jákvæð að mati foreldranna og boðið er upp á fjölbreytt námsefni fyrir þá sem geta meira. Þó er það háð kennurum hvernig til tekst um nám og kennslu.

Rýnihópur foreldra er gagnrýninn á upplýsingamiðlun skólans til foreldra og telja að hún sé ekki nógu góð. Kennarar nota Mentor mismikið þó þeir eigi allir að setja inn upplýsingar. En hópurinn bendir einnig á ábyrgð foreldra að leita eftir upplýsingum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Ánægja foreldra með skólann mælist tæp 76%, aðeins lægri en í skólum borgarinnar að meðaltali.
- Reglulegir fundir eru með skólastjórnendum og foreldraráði.
- Efla þarf samstarf við foreldra og skýra hlutverk kennara í samstarfinu.
- Tryggja þarf að upplýsingamiðlun til foreldra sé regluleg, markviss og góð í öllum bekkjardeildum.
- Kynna þarf betur fyrir foreldrum hvaða leiðir og aðstoð er í boði þegar eitthvað bjátar á.

Starfsmenn og líðan

Í vinnustaðagreiningu fyrir grunnskóla Reykjavíkur árið 2007 kemur fram að starfsfólk Seláskóla er á heildina lítið frekar ánægt í starfi sínu, sú fullyrðing mælist 4.14 (á starfhæfu bili)⁴ sem er aðeins hærra en meðaltal grunnskóla í Reykjavík (4.03). Starfsánægja mælist örlítið hærri en að meðaltali í Reykjavík en aðeins lægri við skólann árið 2007 en árið 2005. Starfsmannavelta er 18% árið 2006 eða álíka mikil og að meðaltali í Reykjavík (sjá nánar í fylgiskjali 1, Seláskóli og skólaumhverfi).

Í vinnustaðagreiningu vorið 2007 voru fimm hæstu fullyrðingar (allar á styrkleikabili):

- Næsti yfirmaður sýnir mér skilning þegar ég þarf að sinna fjölskyldu- eða einkamálum.
- Ég legg mikið á mig til að koma til móts við nemendur/börn og foreldra þeirra.
- Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi.
- Ég er stoltur af starfi mínu.
- Þegar á heildina er lítið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við foreldra.

Fimm lægstu fullyrðingar voru (allar á aðgerðabili):

- Mér finnst þau laun sem ég fæ sanngjörn miðað við ábyrgð mína í starfi.
- Hversu mikið eða lítið er vinnuálag þitt?
- Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera þreytt(ur) sl. þrjá mánuði þegar þú stendur andspænis nýjum vinnudegi?
- Hve oft eða sjaldan hefur það komið fyrir á sl. þremur mánuðum að þú hafir þurft að vinna lengri vinnudag en þú gerðir ráð fyrir að morgni.
- Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera útbrunnin(n) eða stressaður(uð) í lok vinnudags sl. þrjá mánuði.

Allar fullyrðingar í könnuninni er greina eiga viðhorf til starfsþróunar, þjálfunar og fræðslu mælast með nokkuð lægra gildi í Seláskóla en að meðaltali í grunnskólunum. Fullyrðingin „Yfirmaður minn eða vinnufélagi hvetur mig til að þróast í starfi“ fær gildið 3,22 (3,76 í öllum grunnskólum). Einnig fær fullyrðingin „Ég fæ þá þjálfun og fræðslu sem nauðsynleg er til að standa mig vel í starfi“ gildið 3,18 (3,58 í öllum grunnskólum).

Almennt sýna niðurstöður greiningarinnar neikvæða þróun fyrir Seláskóla. Af tíu mestu breytingum frá síðustu mælingu 2005 eru níu neikvæðar og er um að ræða nokkuð umtalsverðar breytingar. Tíu mestu frávík Seláskóla frá grunnskólum í heild eru öll neikvæð og lúta sjö af tíu mestu frávikum að stjórnun eða næsta yfirmanni.

Svarhlutfall Seláskóla var 81% sem er mjög gott (meðalsvarhlutfall var 77%).

Samstarf

Kennarafundir eru yfirleitt haldnir einu sinni í mánuði, aðrir starfsmenn eru ekki alltaf með á þeim fundum en þeir eru stundum kallaðir á sérfund í framhaldi af kennarafundi. Á fundum er stíf dagskrá og lítill tími gefst til umræðna að mati kennara. Upplýsingamiðlun er rýr að mati kennara og starfsmenn tala um að skilaboð dreifist illa. Stuðningsfulltrúi „fær upplýsingar á

⁴ Niðurstöðum í vinnustaðagreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

hlaupum“ og hefur engan tíma til að tala við kennara og er almennt ekki boðuð á fundi vegna nemenda sem hún hefur með að gera.

Samstarfið er mest innan árganga og eru þar vikulegir fundir. Ekki eru stigsfundir, en fundir eru haldnir að hausti til að miðla upplýsingum milli kennara um nemendur og bekki. Einnig er óformlegt samstarf, t.d. umsjónarkennara við sérgreinakennara og gengur það vel að mati þeirra. Að mati kennara er ekki tími til fleiri funda eða víðtækara samstarfs.

Starfandi er framtíðarnefnd skipuð kennurum og skólastjórum sem hefur m.a. það verkefni að vinna að aukinni samvinnu og samábyrgð umsjónarkennara með árgöngum. Áætlað er að þessi vinnubrögð verði tekin upp á næsta skólaári.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Vinnustaðagreining 2007 sýnir neikvæða þróun hvað varðar líðan starfsmanna og afstöðu til stjórnenda.
- Upplýsingaflæði frá stjórnendum þarf að bæta að mati starfsmanna.
- Fjölga þarf fundum þar sem allir starfsmenn skólans eru saman.
- Samstarf kennara fer mest fram á árgangafundum.
- Stefnt er að aukinni samvinnu og samábyrgð kennara sem kenna sama árgangi.

Starfsandi

Í vinnustaðagreiningu fyrir grunnskóla Reykjavíkur árið 2007 fær fullyrðingin “Mér finnst góður starfsandi á mínum vinnustað” gildið 4,0 sem er mjög nálægt meðaltalsgildi allra grunnskóla í Reykjavík (3,95). Gildi skólans á þessari spurningu hefur haldist nokkuð stöðugt síðan fyrsta greiningin var gerð árið 2002.

Fullyrðingin „Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu starfi“ fær gildið 4,03 sem er rétt neðan við meðaltal allra grunnskóla (4,13) og lækkar gildi skólans við þessari mælingu nokkuð síðan í síðustu mælingu árið 2005 (var þá 4,44). Í mælingunni árið 2007 fær skólinn gildið 4,02 við fullyrðingunni „Á mínum vinnustað/skóla leitum við stöðugt nýrra tækifæra til að bæta árangur okkar“ sem er rétt við meðaltalsgildi allra grunnskóla (4,05). Gildið við fullyrðingunni „Starfsfólk á mínum vinnustað/skóla vinnur sem ein heild“ fær gildið 3,66 sem er nálægt meðaltalsgildi allra grunnskóla (3,61) og hefur gildi skólans við þessari fullyrðingu hækkað lítillega milli mælinga frá árinu 2002.

Í rýnihópum kemur fram að stöðugleiki ríkir í starfsmannahópnum „góður mórall og góð vinátta“. Andinn er góður milli starfsmanna og þeir styðja hver annan, en allir hópar tala um mikið álag og kennarar segja að of lág laun hafi áhrif á líðan og starfsanda. Álag í starfi er mest tengt við einstaklinga með hegðunarvanda og stefnu um skóla fyrir alla „það eru nemendur sem geta ekki verið inni í bekk og eru að brjóta niður alla kennara“, „starfsfólk lendir í útistöðum við nemendur á hverjum degi“ og „ég er mjög þreytt í vetur“. Alltof fáir starfsmenn og undirmönnun kemur fram í rýnihópi starfsfólks.

Fullyrðingin „Ég hef þau tæki og gögn sem nauðsynleg eru til að sinna starfi mínu vel“ mælist aðeins hærrí í Selásskóla í mælingunni árið 2007 en í grunnskólum almennt (gildið 3,73 í Selásskóla miðað við meðaltalsgildið 3,52 í öllum grunnskólum).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Andinn er góður milli starfsmanna og þeir styðja hver annan.

- Álag í starfi er tengt við einstaklinga með hegðunarvanda og stefnu um skóla fyrir alla.
- Álag og þreyta hefur verið mikil á yfirstandandi skólaári.
- Aðbúnaður í skólanum er almennt góður og kennarar virðast hafa flest tæki og gögn sem þeir þarfnast.

Samskipti við nemendur og foreldra

Almennt eru samskipti við nemendur og foreldra góð og nemendur kurteisir. Viðhorf foreldra til skólans eru almennt jákvæð að mati starfsfólks. Nokkrir nemendur valda starfsfólki erfiðleikum og „hleypla upp bekkjum“ og bera ekki virðingu fyrir starfsfólki. Viðhorf starfsfólks til nemenda er jákvætt að þeirra mati. Greinilega kemur þó fram að mikið er rætt um þann hóp sem á við hegðunarerfiðleika að etja og starfsfólki gengur illa að vinna með. Miða við hve fáa nemendur er um að ræða lita þessi neikvæðu samskipti umræðuna mjög mikið.

Umsjónarkennarar bera ábyrgð á samskiptum við foreldra. Kennarar hafa fastan viðtalstíma einu sinni í viku. Foreldradagar eru tveir á ári og nemendur fá vitnisburð tvisvar á ári. Samskipti sérgreinakennara við foreldra eru minni og óbein, þeir tala við umsjónarkennarann fyrst og hafa alltaf samráð við þá ef þarf að koma skilaboðum til foreldra.

Að mati foreldra í rýnihópi mætti nýta tölvuna og Mentor betur til að koma upplýsingum til þeirra um starfið og nám nemenda. Kennarar tala einnig um meira skipulag á upplýsingamiðlun til foreldra, s.s. vikulegan tölvupóst frá umsjónarkennara til foreldra. Einnig kemur fram að engar námsáætlanir séu gerðar sem koma heim, nema um það hvenær á að skila heimanámi.

Í vinnustaðgreiningu árið 2007 sýna spurningar sem mæla viðhorf til samvinnu við foreldra svipaða niðurstöðu og í grunnskólum almennt. Spurningin „Þegar á heildina er litið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við foreldra?“ fær gildið 4,26 í Selásskóla miðað við 4,32 sem er meðaltalsgildi allra grunnskóla.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Almennt eru samskipti við nemendur og foreldra góð.
- Upplýsingamiðlun til foreldra um námið og skólasterfið þarf að bæta.

Fjarvera starfsmanna

Farið var yfir forföll starfsmanna á vorönn 2007. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5.4 kennslustundir.⁵ Að meðaltali voru kennarar fjarverandi í 32 kennslustundir á önninni⁶, undir fjarveru falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi sem svarar 5,9 kennsludögum á vorönn 2007.

Ekki var farið yfir fjarveru annarra starfsmanna en kennara.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skoða þarf fjarveru kennara.

⁵ Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

⁶ Vetrarorlof og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

Símenntun

Í skólaþróunaráætlun – verkáætlun fyrir næstu þrjú skólaár kemur fram undir mannauðsvíddinni að stuðla skal að markvissri símenntun í samræmi við stefnu skólans. Á árunum 2007 og 2008 er áhersla á lífsleikni og Olweus. Einnig á þemavinnu og valsvæði í samræmi við stefnumótun um aukna samvinnu og samábyrgð umsjónarkennara árgangs, farið var í skólaheimsóknir árið 2007 í skóla sem vinna að breyttum kennsluháttum. Verið er að endurskoða námsmat og um það eru fyrirlestrar. Námskeið í tölvutökum er sett á árin 2008 og 2009.

Í skólanámskránni, leiðarvísi fyrir kennara er fjallað almennt um símenntun og henni skipt í tvo meginþætti, þá sem eru nauðsynlegir fyrir skólastarfið og hins vegar þætti sem kennari metur æskilega og nauðsynlega fyrir sig, hann sækir um til skólastjóra leyfi til að sækja slíka endurmenntun. Forgangsröðunin stýrist af áherslum og þörfum skólans ásamt fjármagi. Gerð er grein fyrir fjármögnun símenntunar.

Ekki liggur fyrir yfirlit um eigin símenntun starfsmanna.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Símenntunaráætlun skólans kemur fram í skólaþróunaráætlun – verkáætlun fyrir næstu þrjú skólaár.
- Sameiginleg símenntun tengist stefnu skólans og áherslum.
- Starfsmenn sækja um eigin símenntun til skólastjóra

Stjórnun og skipulag

Skólastjóri fær góða umsögn sem persóna og gott að leita til hans um stuðning og hann er hugmyndaríkur. Hann er þó ekki talinn vera sterkur leiðtogi. Nefnt er að hann sé lengi að taka ákvarðanir, hann og aðstoðarskólastjóri ná ekki saman að mati rýnihópa og skýra stefnu vantí fyrir skólann, skýrari línur gagnvart agamálum og upplýsingaflæði ætti að vera meira.

Nemendur vita vel hver skólastjórinn er, hann hefur unnið með nemendum að stuttmyndagerð, hann er glaður og talar rólega, segja þau og halda að hann þekki flesta með nafni. Hann kemur í stofurnar og er á göngunum að þeirra sögn.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri hafa skýra verkaskiptingu samkvæmt verklýsingum. Fundir í stjórnendateymi hafa ekki verið reglulegir í vetur og upplýsingastreymi því stopult milli stjórnenda.

Deildarstjóri er í hálfu starfi og að hálfu með skólasafn á móti. Kennarar hafa leitað til hennar eftir ráðgjöf enda er hún reyndur kennari. Annar deildarstjóri sem tók að hluta til sín agamálin er í leyfi í vetur og það hefur haft í för með sér meira álag á aðra stjórnendur, „þau hafa bara ekki tíma til að stjórna skólanum í vetur vegna þess að þau eru alltaf í agavandamálum og fundum með foreldrum“, kemur fram í rýnihópi.

Stefnt er að því að breyta stjórnun í tengslum við aðrar breytingar á skipulagi á komandi hausti. Sviðsstjórar, e.k. árgangstjórar koma þá í stað deildarstjóra.

Fullyrðingin „Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað“ fær umtalsvert lægra gildi meðal starfsmanna Selásskóla en í grunnskólum almennt (3,17 miðað við 3,73 sem er meðaltalsgildi allra grunnskóla). Gildi skólans við þessari fullyrðingu hefur lækkað nokkuð á milli mælinga

frá árinu 2002 (var 3,58 árið 2002 og 3,41 árið 2005). Traust á næsta yfirmanni mælist einnig nokkuð lægra en í grunnskólum almennt (gildið 3,78 miðað við 4,20 í öllum grunnskólum). Hér hefur gildi skólans einnig lækkað nokkuð jafnt á milli mælinga síðan 2002. Fullyrðingin „Næsti yfirmaður minn drífur verkefni áfram“ fær einnig fremur lága einkunn, gildið 3,12 miðað við 3,87 sem er meðaltalsgildi allra grunnskóla. Fullyrðingin „Ákvarðanir eru teknar út frá faglegum forsendum á mínum vinnustað/skóla“ fær gildið 3,61 sem er nokkuð lægra en í grunnskólum almennt (3,87 er meðaltalsgildi allra grunnskóla). Gildi skólans við þessari fullyrðingu hefur lækkað nokkuð jafnt síðan 2002 (4,13 árið 2002 og 3,91 árið 2005).

Um 80% starfsmanna sem svöruðu könnunni höfðu farið í starfsmannasamtal á sl. 12 mánuðum (meðaltal allra grunnskóla er 74%) og gagnsemi samtalsins mældist 3,50 samkvæmt viðhorfum starfsmanna (3,76 er meðaltalsgildi allra grunnskóla). Samkvæmt niðurstöðum greiningarinnar metur starfsfólk skólans það einnig sem svo að það fái frekar litla endurgjöf á störf sín. Fullyrðingin „Á sl. sex mánuðum hefur yfirmaður minn rætt við mig um hvernig ég stend mig í starfi“ fær gildið 2,89 sem er nokkuð langt undir meðaltali allra grunnskóla (3,47). Hefur gildi skólans hvað þetta varðar lækkað um nánast einn heilan síðan í síðustu mælingu árið 2005, var þá 3,80. Fullyrðingar er mæla umboð til athafna mælast einnig nokkuð lægri en í grunnskólum almennt. Fullyrðingin „Ég er hvattur/hvött til að koma með nýjar hugmyndir um hvernig má gera betur“ fær gildið 3,32 (meðaltalsgildi allra grunnskóla er 3,65).

Hrós og endurgjöf stjórnenda mælist undir meðallagi í Selásskóla samkvæmt vinnustaðagreiningu 2007. Fullyrðingin „Ég hef fengið hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf á síðustu vikum“ fær meðaltalið 3,38 í Selásskóla, miðað við meðaltal allra grunnskóla, 3,67.

Stefna Selásskóla er aðgengileg í skólanámskrá. Einkunnarorð skólans eru: Látum þúsund blóm blómstra og jafnframt heiti skólanámskrárinnar. Selásskóli leggur áherslu á umhverfismennt með það að markmiði að nemendur skilji, þekki og virði umhverfi sitt og náttúru. Selásskóli leggur áherslu á að vinna út frá og þróa sterkar hliðar hvers einstaklings.

Áhersluþættir í stefnunni eru;

- Selásskóli leggur áherslu á skapandi starf, listiðkun, frumkvæði, áræði, agaða og gagnrýna hugsun og leitast við að gefa nemendum sem oftast tækifæri til að þjálfa slíka þætti og að beita rökhugsun við að leita lausna.
- Selásskóli leggur áherslu á að nemendur fái notið þeirra lífsgæða sem listgreinar fela í sér, bæði með því að njóta tjáningar og skynjunar sinnar og annarra.
- Selásskóli leggur rækt við samvinnu og samstarf milli nemenda og leggur áherslu á að það sé hluti af námi þeirra.
- Selásskóli leggur áherslu á jákvæð gildi með nemendum sínum.
- Selásskóli leggur áherslu á fjölbreytt verkefni, bæði smá og stór, sem reyna á kunnáttu, hæfni og þekkingu á ólíkum sviðum.
- Selásskóli leggur áherslu á að efla líkamsvitund nemenda, þeir temji sér holla lífshætti og fái góða hreyfingu.
- Selásskóli leggur áherslu á að undirbúa nemendur vel undir færslu á milli skólastiga.
- Selásskóli leggur áherslu á að ala með nemendum sínum virðingu fyrir náttúrunni og að kenna þeim að skilja almenn náttúrulögmál, samhengi í náttúrunni, hringrásir og lífsþarfir.
- Selásskóli leggur áherslu á útikennslu og að nýta fjölbreytt umhverfi sitt til að auðga kennslu skólans og tengja hana samfélagi og náttúru.
- Selásskóli leggur áherslu á gott samstarf við foreldra og að þeir hafi greiðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið.

Almennt virðast starfsmenn meta það sem svo að skólinn hafi sett sér skýr markmið fyrir skólaárið. Í vinnustaðagreiðningu árið 2007 fékk spurningin „Hversu skýr eða óskýr markmið hefur þinn vinnustaður/skóli sett sér fyrir þetta skólaár?“ fær gildið 3,74 sem er nálægt meðaltalsgildi allra grunnskóla (3,76). Einnig telja starfsmenn Selásskóla framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í menntamálum nokkuð skýra. Fullyrðingin „Reykjavíkurborg hefur skýra framtíðarsýn í menntamálum“ fær gildið 3,29 (meðaltalsgildi allra grunnskóla er 3,18).

Starfslýsingar eru til fyrir alla starfsmenn sem lýsa verksviði þeirra.

Stjórnendur meta samskipti við skólayfirvöld góð og jákvæð en finnst þó nóg um fyrirspurnir og kannanir sem skapa skólastjórnendum heilmikla vinnu.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Stefna Selásskóla er aðgengileg í skólanámskrá.
- Skólastjóri fær góða umsögn sem persóna og gott að leita til hans um stuðning en er ekki talinn vera sterkur leiðtogi.
- Skoða þarf ákvarðanatöku og framkvæmd stefnumörkunar.
- Skólastjórnendur hafa skýra verkaskiptingu en eru ekki samhentir.
- Skólastjórnendur eru sýnilegir í daglegu skólastarfi.

Heimasíða

Heimasíða skólans er uppfærð nokkuð reglulega og fréttir settar inn jafnt og þétt að því er virðist. Ekki er alltaf auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna, t.d. er djúpt á upplýsingum um ferli til að taka á hegðunarbrotum og viðbrögðum við einelti. Einkunnarorð skólans koma ekki fram á forsíðu. Náms- og kennsluáætlanir eru aðgengilegar undir skólanámskránni, þar er einnig að finna lýsingu á stefnu skólans og markmiðum, upplýsingar um sérkennslu, leiðarvísi fyrir foreldra, leiðarvísi fyrir kennara og fleira.

Sumar upplýsingar á síðunni eru nokkurra ára gamlar, s.s. foreldravefur og heimasíður bekkja.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Heimasíða skólans er uppfærð nokkuð reglulega og fréttir settar inn.
- Ekki er alltaf auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna á heimasíðunni.

Skólanámskrá

Skólanámskrá Selásskóla er sett fram í möppu undir yfirskriftinni: *Látum þúsund blóm blómstra*. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu skólans og foreldrahandbók Selásskóla er dreift til foreldra að hausti. Í skólanámskrá Selásskóla er tekið á nær öllum þáttum sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.

Í Skólanámskrá er að finna lýsingu á stefnu skólans, skólaþróun og áherslur, upplýsingar um sérkennslu, leiðarvísi fyrir foreldra, leiðarvísi fyrir kennara, skipurit skólans, aðgerðaáætlanir ásamt upplýsingar eru um hvernig bregðast skal við ýmsum málum.

Þættir sem ekki eða lítt er gerð grein fyrir í skólanámskránni eru:

- hvernig skólanámskráin er kynnt foreldrum

- hvort nemendur gera sér einstaklingsáætlanir
- móttökuáætlun fyrir innflytjendur
- jafnréttisáætlun
- verklagsreglur um slysavarnir
- hvernig staðið er að námsráðgjöf
- samstarf við félög, stofnanir og fyrirtæki
- mötuneyti
- móttaka nýrra starfsmanna

Náms- og kennsluáætlanir fyrir árganga og greinar

Í náms- og kennsluáætlunum eru upplýsingar um hverja námsgrein þar sem koma fram markmið sem unnið er að, fjallað er um kennsluhætti, kennsluefni og námsmat. Náms- og kennsluáætlanir gilda fyrir skólaárið og fylgja að því er best verður séð Aðalnámskrá í öllum meginatriðum. Í námsáætlun í íslensku er að auki fjallað um inntak námsefnis í hverjum námsþætti og fyrir hvern árgang. Í skólanámskránni er einnig safnað saman upplýsingum um hvað var lesið og kennt skólaárið 2006-2007, þ.e. yfirlit yfir námsefni, kennslu og félagslíf í hverjum árgangi.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í skólanámskrá Selásskóla er tekið á nær öllum þáttum sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.
- Gefnar eru út náms- og kennsluáætlanir fyrir hvern árgang.
- Nokkra þætti vantar að fjalla um í skólanámskránni, s.s. móttökuáætlun fyrir innflytjendur og jafnréttisáætlun.

Skólaþróun, sjálfsmat og umbótaáætlun

Sjálfsmatsskýrsla fyrir Selásskóla er í vinnslu. Í samantekt um skólaþróun og sjálfsmat í Selásskóla er lýst þróun sjálfsmats, aðferðum við sjálfsmat og niðurstöðum matsins hvað varðar starfsmenn, foreldra og nemendur. Gerð hefur verið þróunaráætlun til þriggja ára sem byggir á niðurstöðum matsins.

Gerð er grein fyrir því að skólinn hafi verið í kreppu frá árinu 2002 og næstu ár á eftir og er það rakið til fjárhagsvanda. Unnið hefur verið að því að skerpa sýn og móta skólanámskrá sem nú liggur að mestu fyrir. Lögð hefur verið áhersla á að bæta ímynd skólans og foreldrum boðið til morgunfunda sem mæltust vel fyrir. Til að bæta úr óánægju með upplýsingaflæði var leitað ráðgjafar á Menntasviði. Gefin var út foreldrahandbók. Tekið var á einelti og unnið í Olweusarverkefni sem hefur gefið góða raun.

Í verkáætlun um skólaþróun fyrir árin 2007-2009 eru tilgreind verkefni í fjórum víddum: þjónustu, fjármálum, verklagi og mannauði. Ekki eru tilgreindir mælikvarðar sem gefa til kynna hvort markmiðum hefur verið náð. Meðal verkefna í skólaþróun er að stuðla að heildstæðu skipulagi kennslu og þemaverkefna; endurskoða námskrár í ljósi nýrrar aðalnámskrár, endurskoða námsáætlanir; stuðla að breyttum áherslum í námsmati; efla upplýsingamiðlun, auka vellíðan og öryggi nemenda; efla samvinnu og samábyrgð innan árganga og stuðla að markvissri símenntun.

Starfandi er framtíðarnefnd sem hefur það hlutverk ásamt skólastjórnendum að vinna að skólaþróun og breytingum. Hún er skipuð fulltrúum kennara sem einnig mynda kennararáð og einum fulltrúa annars starfsfólks. Í nefndinni er fjallað um skólaþróun og breytingar, skólanámskrá og komið hefur verið inn á ramma um agavandamál. Málefni eru tekin til umræðu í framtíðarnefnd áður en þau eru rædd á kennarafundi. Nú er verið að vinna að aukinni samábyrgð og samvinnu umsjónarkennara. Áætlað er að skólastarfinu verði skipt í fagsvið þar sem hvert svið er skipað teymi kennara. Kennarar gerast sérfræðingar í kennslu í tilteknum árgöngum og byggja upp reynslu, öryggi í starfi og persónulega fagmennsku. Hver árgangur með 30-50 nemendum hefur tvo umsjónarkennara, til viðbótar koma kennarar inn í árganga í ákveðna tíma, „flakkarar“ sem geta tengst mörgum árgöngum. Sérgreinakennarar eru á sérsviði og sérkennarar á öðru, alls verða fimm svið og innan einhvers þeirra er meginstarfsvettvangur hvers kennara. Undirbúningur hefur verið í gangi í tvö ár og meðal annars hefur verið farið í skólaheimsóknir til að kynna sér teymisvinnu. Næsta haust er reiknað með að þessar breytingar komist í framkvæmd.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Sjálfsmatsskýrsla hefur ekki verið gefin út, en er í vinnslu.
- Leggja þarf áherslu á að uppfylla faglegar kröfur og byggja á viðmiðum menntamálaráðuneytis um sjálfsmat.
- Verkáætlun um skólaþróun fyrir árin 2007-2009 liggur fyrir, en ekki eru tilgreindir mælikvarðar sem gefa til kynna hvort markmiðum hefur verið náð.
- Skólastjórar og framkvæmdanefnd hafa mótað breytingar sem stuðla að aukinni samábyrgð og samvinnu umsjónarkennara.

Fjármál

Grunnskólar í Reykjavík fá úthlutað fjármagni til reksturs miðað við nemendafjölda og samkvæmt reiknireglu þar sem tekið er tillit til ýmissa breyta í viðkomandi skóla, s.s. húsnæðis, meðallauna og fjölda kennara með kennsluafslátt. Einnig er gert ráð fyrir verðlagsþróun og inni í grunnúthlutun er kvóti til almennrar sérkennslu 0.142 af heild. Þessu til viðbótar fær skólinn úthlutað sérstöku fjármagni vegna nemenda með skilgreindar sérþarfir og til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli fyrir nemendur af erlendum uppruna.

Árin 2002-2004 var Selásskóli yfir úthlutunarfjármagni í rekstri sínum á hverju ári þannig að fjárhagshalli var orðinn uppsafnaður og var þá gripið til ákveðinna aðgerða til að koma skólanum í rekstrarlegt jafnvægi.

Á síðustu tveimur árum hefur aftur farið að halla undan og er aftur svo komið að útgjöld skólans eru umfram fjárheimildir. Nemendum hefur fækkað undanfarin ár en ekki stöðugildum til samræmis. Það þýðir að nú er ofmannað í kennslu og stuðningi við nemendur. Ljóst að grípa verður til aðgerða til að jafna útgjöld og innkomu og er verið að leita leiða til þess að svo megi verða.

Hafa þarf í huga að ekki verði gengið á lögbundna þjónustu sem skólanum ber að veita í þeim lausnum sem valdar eru.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Útgjöld skólans eru umfram fjárheimildir.
- Grípa verður til aðgerða til að jafna útgjöld og innkomu og er verið að leita leiða til þess að svo megi verða.

Húsnæði og aðbúnaður

Almennt er starfsfólk og nemendur ánægðir með húsnæði og aðbúnað í Selásskóla og telur sig hafa þau tæki og gögn sem til þarf í skólastarfinu. Fram kemur að skólahúsnæðið sé gott og stofurnar stórar og góðar. Gagnrýni kemur þó fram á opnu stofurnar þar sem truflun er af umgangi, „stundum ekkert þægilegt að hafa opnar stofur, þá heyrir maður allt“, kemur fram í rýnihópi nemenda.

Eftirfarandi ábendingar komu fram varðandi húsnæði og aðbúnað:

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Almennt er starfsfólk og nemendur ánægðir með húsnæði og aðbúnað í Selásskóla.
- Bæta þarf aðstöðu stuðningsfulltrúa.
- Stofa fyrir myndmennt er lítil.
- Óvirkir ofnar í heimilisfræðistofu.
- Vantar skjávarpa í stofur.
- Vantar geymslur í skólann, lagnakjallari notaður til að geyma.
- Vantar leiktæki á skólalóð.
- Fjölga fótoltavöllum og setja gervigrasvöll.
- Stólar nemenda ekki þægilegir til að sitja lengi.

Greining

Styrkleikar: Nemendum fer vel fram í íslensku og stærðfræði milli 4. og 7. bekkjar. Góður vinnuandi er í starfsmannahópnum. Rúmgtott skólahúsnæði og falleg bygging.

Veikleikar: Stjórnendur fylgja málum ekki vel eftir frá stefnu til framkvæmdar og eru ekki samhentir. Upplýsingagjöf til foreldra þarf að styrkja og þátttöku þeirra í skólastarfinu. Skýra þarf hvernig tekist er á við málefni nemenda með hegðunarvanda.

Ögranir: Skólinn er lítill og nemendur fáir og því mikilvægt að reka hann af hagkvæmni. Nokkrir nemendur sem eiga við hegðunarvanda að etja valda vanda í skólanum.

Tækifæri: Efla enn frekar samstarf við foreldrar sem eru jákvæðir gagnvart skólanum. Lítil skóli sem getur auðveldað samskipti nemenda og starfsfólks. Styrkja samvinnu kennara um árganginn.

Samantekt ábendinga

Nám og kennsla

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk árið 2007 er marktækt lakari en meðalárangur í grunnskólum Reykjavíkur og mun lægra hlutfall nemenda telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali í Reykjavík. Árið 2006 var árangur nær meðaltali í borginni.
- Mikilvægt er að skoða þann mun sem kemur fram milli ára. Sóknarfæri er fyrir skólann að bæta árangur nemenda í lestri, ekki síst þeirra sem lakast standa.
- Árangur í stærðfræðiskimun í 3. bekk 2006 er aðeins yfir meðaltali í borginni og um 8% nemendahópsins teljast líkleg að þurfa aðstoð í stærðfræði.
- Ástæða er til að huga vel að stærðfræðinámi í yngri deildum.
- Nemendum fer vel fram í námi í íslensku og stærðfræði milli 4. og 7. bekkjar samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum.
- Náms- og kennsluáætlanir fyrir árganga í öllum greinum eru birtir á heimasíðu skólans, þær eru hluti af skólanámskrá og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Ekki kemur fram að nemendur geri sér einstaklingsáætlanir.
- Fyrirhugað er að taka upp samkennslu í árgangi á næsta ári og stefnt að aukinni samvinnu og samábyrgð umsjónarkennara.
- Skipulag náms er almennt miðað við bekkinn og í flestum tímum sem heimsóttir voru í vettvangsathugun voru nemendur að vinna að sama verkefni á sama tíma.
- Mikil samvinna er innan árganga og nemendum skipt í hópa hluta námstímans.
- Taka þarf markviss skref til að nám og kennsla verði fjölbreyttari og taki mið af einstaklingum.
- Í skólastefnu kemur fram mikil áherslu á umhverfismennt, umhverfisráð er starfandi og skólinn er Grænfánaskóli.
- Vilji er til að endurvekja áherslu á útikennslu og öfluga náttúrufræðikennslu.
- Nemendur gera sér ekki áætlanir um nám sitt.
- Námsmat virðist hefðbundið.
- Markvisst er leitað að nemendum með sérþarfir með skimunum.
- Enginn umsjónarmaður sérkennslu er við skólann en skólastjórnendur skipuleggja ramma um sérkennslu og starf stuðningsfulltrúa.

- Einstaklingsnámskrár eru ekki alltaf gerðar fyrir þá nemendur sem eru í sérkennslu.
- Sérkennsla fer að ýmist fram utan bekkjar eða inni í bekk.
- Mikið álag er á sérkennara.
- Kennara vantar aðgang að faglegri kennsluráðgjöf.
- Afstaða til nemenda með hegðunarvanda virðist fremur neikvæð og úrræði vantar utan og innan skóla.
- Lausnateymi er starfandi við skólann en er ekki mikið notað af kennurum.
- Brýnt er að koma á hegðunarteymi við skólann.

Nemendur og líðan

- Nemendum líður almennt vel í skólanum.
- Skemmtilegast finnst þeim í list- og verkgreinum og íþróttum.
- Nemendum finnst að kennarar mættu hrósa meira.
- Ekki er starfandi eiginlegt nemendaráð við skólann eins vera skal skv. lögum um grunnskóla.
- Fulltrúar í umhverfisráði fjalla um umhverfismál, umgengni og umbætur.
- Skerpa þarf á hlutverki og markmiðum umhverfisráðs.
- Nemendur þekkja skólareglur og virða þær.
- Settar eru bekkjarreglur í flestum bekkjardeildum.
- Gera þarf átak í að samræma og sameinast um reglur og viðbrögð við agabrotum smærri og stærri. Átakið nái til alls starfsfólks.
- Almennt er góður vinnufriður og agi í kennslu.
- Efla þarf eftirlit á skólalóð.
- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með fjarveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun

- Ánægja foreldra með skólann mælist tæp 76%, aðeins lægri en í skólum borgarinnar að meðaltali.
- Reglulegir fundir eru með skólastjórnendum og foreldraráði.
- Efla þarf samstarf við foreldra og skýra hlutverk kennara í samstarfinu.
- Tryggja þarf að upplýsingamiðlun til foreldra sé regluleg, markviss og góð í öllum bekkjardeildum.
- Kynna þarf betur fyrir foreldrum hvaða leiðir og aðstoð er í boði þegar eitthvað bjátar á.

Starfsmenn og líðan

- Vinnustaðagreining 2007 sýnir neikvæða þróun hvað varðar líðan starfsmanna og afstöðu til stjórnenda.
- Upplýsingaflæði frá stjórnendum þarf að bæta að mati starfsmanna.
- Fjölga þarf fundum þar sem allir starfsmenn skólans eru saman.
- Samstarf kennara fer mest fram á árgangafundum.
- Stefnt er að aukinni samvinnu og samábyrgð kennara sem kenna sama árgangi.
- Andinn er góður milli starfsmanna og þeir styðja hver annan.
- Álag í starfi er tengt við einstaklinga með hegðunarvanda og stefnu um skóla fyrir alla.
- Álag og þreyta hefur verið mikil á yfirstandandi skólaári.
- Aðbúnaður í skólanum er almennt góður og kennarar virðast hafa flest tæki og gögn sem þeir þarfnast.

- Almennt eru samskipti við nemendur og foreldra góð.
- Upplýsingamiðlun til foreldra um námið og skólastarfið þarf að bæta.
- Skoða þarf fjarveru kennara.
- Símenntunaráætlun skólans kemur fram í skólaþróunaráætlun – verkáætlun fyrir næstu þrjú skólaár.
- Sameiginleg símenntun tengist stefnu skólans og áherslum.
- Starfsmenn sækja um eigin símenntun til skólastjóra

Stjórnun og skipulag

- Stefna Selásskóla er aðgengileg í skólanámskrá.
- Skólastjóri fær góða umsögn sem persóna og gott að leita til hans um stuðning en er ekki talinn vera sterkur leiðtogi.
- Skoða þarf ákvarðanatöku og framkvæmd stefnumörkunar.
- Skólastjórnendur hafa skýra verkaskiptingu en eru ekki samhentir.
- Skólastjórnendur eru sýnilegir í daglegu skólastarfi.
- Heimasíða skólans er uppfærð nokkuð reglulega og fréttir settar inn.
- Ekki er alltaf auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna á heimasíðunni.
- Í skólanámskrá Selásskóla er tekið á nær öllum þáttum sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.
- Gefnar eru út náms- og kennsluáætlanir fyrir hvern árgang.
- Nokkra þætti vantar að fjalla um í skólanámskránni, s.s. móttökuáætlun fyrir innflytjendur og jafnréttisáætlun.
- Sjálfsmatskýrsla hefur ekki verið gefin út, en er í vinnslu.
- Leggja þarf áherslu á að uppfylla faglegar kröfur og byggja á viðmiðum menntamálaráðuneytis um sjálfsmat.
- Verkáætlun um skólaþróun fyrir árin 2007-2009 liggur fyrir, en ekki eru tilgreindir mælikvarðar sem gefa til kynna hvort markmiðum hefur verið náð.
- Skólastjórar og framkvæmdanefnd hafa mótað breytingar sem stuðla að aukinni samábyrgð og samvinnu umsjónarkennara.
- Útgjöld skólans eru umfram fjárheimildir.
- Grípa verður til aðgerða til að jafna útgjöld og innkomu og er verið að leita leiða til þess að svo megi verða.

Húsnæði og aðbúnaður

- Almennt er starfsfólk og nemendur ánægðir með húsnæði og aðbúnað í Selásskóla.
- Bæta þarf aðstöðu stuðningsfulltrúa.
- Stofa fyrir myndmennt er lítil.
- Óvirkir ofnar í heimilisfræðistofu.
- Vantar skjávarpa í stofur.
- Vantar geymslur í skólann, lagnakjallari notaður til að geyma.
- Vantar leiktæki á skólalóð.
- Fjölga fótoltavöllum og setja gervigrasvöll.
- Stólar nemenda ekki þægilegir til að sitja lengi.

Heimildir

Einsetning grunnskóla Reykjavíkur 1994-2002. 2002. Reykjavík: Fasteignastofa Reykjavíkurborgar, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Selásskóli vorið 2007. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður úr Talnalykli haust 2006 fyrir Selásskóla. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Skólanámskrá Selásskóla 2007-2008. Reykjavík: Selásskóli

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2007. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Vinnustaðagreining Capacent Gallup fyrir Grunnskóla Reykjavíkur 2007. Selásskóli – kynning mars-apríl 2007.

www.selasskoli.is

Fylgiskjöl

1. Selásskóli og skólahverfi
2. Vettvangsathuganir
3. Gátlisti um skólanámskrá
4. Gátlisti um heimasíðu